



Tíundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis verður haldinn mánudaginn 26. maí 2014 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hefst kl: 16:30.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson og Þorsteinn Narfason sem ritaði fundargerð.

Vakin athygli á breyttu númerakerfi. Í stað þess að telja fundi frá upphafi árs er nú talið áfram frá síðasta ári.

Dagskrá:

- 1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta og mengunarvarna.**
 - a. Bragi Elefsen f.h. Bláasjoppa ehf. sækir um starfsleyfi fyrir Kjarnagrill, söluturn með grilli og veitingaverslun að Háholti 24 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv ákvæðum matvælalaga til 12 ára dagsett 1.maí 2014.
„Staðfest“
 - b. Algjör þögn er nýr dagur ehf. sækir um starfsleyfi fyrir sölu á gistingu í sumarhúsi að Berjabraut 12, Kjósarhreppi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. reglugerð um hollustuhætti til 12 ára þann 20. maí 2014
„Staðfest.“
 - c. Guðlaug Daðadóttir f.h. Álaborg ehf. sækir um starfsleyfi vegna breytinga á starfsemi fyrir veitingahús að Álafossvegi 27 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt skv. lögum um matvæli til 12 ára.“
 - d. Guðbjörg Aðalbergadóttir f.h. Framhaldskóla Mosfellsbæjar sækir um starfsleyfis vegna flutnings í nýtt húsnæði að Háholti 35 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt skv. lögum um matvæli og reglugerð um hollustuhætti til 12 ára.
 - e. Svava M. B. Ásgeirsdóttir sækir um starfsleyfi f.h. Brúsk Hárstofu ehf um starfsleyfi fyrir stofuna að Hlaðhömrum Mosfellsbæ.
„Samþykkt með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi til 12. ára.
 - f. Pall Már Magnússon fh. Löðurs ehf sækir um starfsleyfi fyrir bílaþvottastöð að Háholti 11 Mosfellsbæ.
„Samþykkt með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir bón- og bílaþvottastöðvar. til 12 ára.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Umsóknir um tóbaksleyfi.

- g. Bragi Elefsen f.h. Bláasjoppa sækir um leyfi til tóbakssölu fyrir Kjarnagrill að Háholti 24 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 1.mái 2014.

Tímabundin starfsleyfi vegna mengunarvarna

- h. Berserkir ehf. sækja um starfsleyfi fyrir niðurrífi á skýli yfir bensíndælum að Suðurströnd.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 15. apríl 2014.
„Staðfest.“

2. Umsagnir fyrir veitinga og gistaða

- a. Eldbakan ehf. Urðarholti 2 í Mosfellsbæ, rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I, tegund veitingahús.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 13. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um nýtt leyfi fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 26. mars.
- b. NK veitingar slf. rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund veitingahús í Golfklúbbi Ness á Seltjarnarnesi.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 21. mars 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um nýtt leyfi fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 28. mars með athugasemd við tegund staðar.
- c. Steinunn Svavarsdóttir, rekstrarleyfi fyrir gistaða Hveramýri 1 í flokki I, tegund heimagisting. Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 22. apríl 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um breytingu á umsókn fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 25. apríl.
- d. Álaborg ehf. Álafossvegi 27 í Mosfellsbæ, rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund veitingahús.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 23. apríl 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun og breytingu leyfis fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 2. maí 2014.
- e. Algjör þögn er nýr dagur ehf. um rekstrarleyfi fyrir gistaða í flokki II tegund sumarhús, að Berjabraut 12, Kjósarhreppi.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 20. maí 2014.

3. Vatnsvernd.

Endurskoðun á heilbrigðissamþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

- a. Lögd fram drög að samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.
b. Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 24. mars 2014 þar sem óskað er umsagnar við drög að greinargerð fyrir heildarendurskoðun vatnsverndar.

Greinargerðin er kynnt á heimasíðu SSH <http://ssh.is/til-kynningar/vatnsvernd>

- c. Lögd fram drög að svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Vatnsvernd er að þessu sinni kynnt sem hluti af svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Hér má lesa drög að svæðaskipulaginu. <http://www.ssh.is/svaedisskipulag/2040>

„Heilbrigðisnefnd samþykkir samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samráð við SSH.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

4. Bréf Mosfellsbæjar dagsett 24. júní 2013. Reglur um hæsnahald

Ég bréfinu er kynnt bókun umhverfisnefndar Mosfellsbæjar frá 142. fundi
Bréfið var lagt fram að nýju ásamt tillögu að samþykkt um hæsnahald í Mosfellsbæ.
„Heilbrigðisnefnd óskar eftir umsögn Mosfellsbæjar um samþykktina.“

5. Bréf Mosfellsbæjar dagsett 29. apríl 2014. Landfylling við hesthúsahverfi.

Í bréfinu er kynnt bókun umhverfisnefndar Mosfellsbæjar frá 150. fundi.
„Heilbrigðisnefnd þakkar bréfið. Málið er í ákveðnum farvegi hjá heilbrigðiseftirlitinu og verður lögð áhersla á að niðurstöður liggi fyrir í haust. Varðandi bókun S lista þá mun heilbrigðiseftirlitið svara erindinu þegar nægilegar upplýsingar liggja fyrir um málið.“

6. Bréf Umhverfisstofnunar dagsett 3. apríl 2014. Tilkynning um tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpu bs.

„Heilbrigðisnefnd leggur til að starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpu bs í Álfsnesi verði veitt að hámarki til fimm ára sem er í samræmi við eigendasamkomulag sem liggur fyrir.“

7. Fundir

- a. 103-105. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var lögð fram til kynningar.
- b. Fundir í tengslum við ferð framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæða til Kaupmannahafnar og Malmö 9-10. apríl 2014.
 - i. Fundur hjá dönsku umhverfisstofnuninni – Miljöstyrelsen (MST) Strandgade 29, Kaupmannahöfn.
 - ii. fundur hjá dönsku matvælastofnuninni – Födevarestyrelsen (FVS) Stationsparken 31-33, Glostrup.
 - iii. Fundur hjá heilbrigðiseftirlitinu í Malmö – Miljöförvaltningen Bergsgatan 17, Malmö.